



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Haldinn í Gömlu Gróðrarstöðinni á Akureyri þann 4. nóvember 2014 kl. 13:00

Mætt voru : Páll Ingvarsson, Davíð Herbertsson, Sigrún Þorsteinsdóttir og Helga Sigurrós Bergsdóttir. Sigurlína Jóhannesdóttir tilkynnti forföll.

Dagskrá:

1. Aðalfundur LSE - framkvæmd og kostnaður.

Ekki verður annað séð en að flestir hafi verið sáttir með framkvæmd aðalfundarins í Miðgarði sem haldinn var í lok ágúst.

Gjaldkeri er fjarverandi svo bíða verður með að fá kostnaðartölur og stöðu á reikningum félagsins.

2. Innheimtukerfi - félagsgjöld

Nauðsynlegt að fá skrá yfir þá sem eru í Norðurlandsskógum, þá sem eiga skóg eða eru að rækta skóg. Eitthvað er um félagsmenn sem eru félagar vegna áhuga á skógrækt en stunda hana ekki.

Félagsgjaldið var kr. 5.000,- hjá okkur í FSN og af því fóru kr. 3.000 til LSE.

Samþykkt var á aðalfundi LSE að árgjaldið sem rynni til LSE værði kr. 3.000 af hverri jörð og kr. 1.000 af hverjum félagsmanni.

Tillaga kom fram um að árgjaldið yrði samtals kr. 8.000 eða kr. 4.000 á jörð og kr. 2.000 á einstakling. Af því tókum við kr. 1.000 af jarðargjaldi og kr. 1.000 af einstaklingsgjaldi.

Getur jörð verið skráð í félagakerfið án þess að einstaklingur standi þar á bak við?

Kanna þarf hverjir hafi ekki verið að greiða félagsgjaldið og í framhaldi af því hringja til að fá upplýsingar um hvort viðkomandi vilji vera áfram í félaginu.

Þeir sem ekki hafa greitt árgjald þriggja síðustu ára verða strikaðir út geri þeir ekki bragarbót.

3. Lög LSE

Nýjar samþykktir frá aðalfundi LSE í ágúst.

Farið yfir samþykktirnar, spurning vaknaði er varðar félagsbú, ehf félög, og fl. þar sem margir eigendur eru, hverjir hafa atkvæðisrétt á aðalfundi?

Rætt um að nauðsyn sé að koma á kjörbréfum á aðalfundi – framkvæmd !

Mikilvægt að þær tillögur sem leggja á fyrir aðalfund séu lagðar fram til stjórnar, og kynntar með ákveðnum fyrirvara. Með því að setja tímamörk á hvenær tillögur verði lagðar fram, er hægt að skipuleggja nefndastörfin betur, sem fæli í sér markvissari vinnubrögð og stytti þar af leiðandi tímann sem fer í nefndarstörf.

Ólíðandi er að hægt sé að leggja fram tillögur á þinginu sjálfu sem ekki hafa verið kynntar fyrirfram.



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Fram kom tillaga um að kynna þessar hugmyndir fyrir stjórn LSE ásamt því að tekið verði á hugmynd um kjörbréf til atkvæðabærra félaga.

4. Grisjun

Fram kom að tveir menn á Eyjafjarðarsvæðinu séu að gefa kost á sér í grisjun.

5. Björkin - fréttabréf

Koma þarf út einni Björk með upplýsingum um félagsgjöldin og hvernig verði staðið að innheimtu á þeim, ásamt upplýsingum um grisjun.

Fundi slitið kl. 15:00

Helga Sigurrós Bergsdóttir ritari.